



Aðalfundur Hins íslenska náttúrufræðifélags.

Haldinn laugardaginn 25. febrúar 2012 í Kórnum, fundarsal Náttúrufræðistofu Kópavogs, Hamraborg 6a, Kópavogi.

FUNDARGERÐ

Mættir voru 17 (12 fundarmenn rituðu nöfn sín í aðalfundargerðarbók).

1. Fundarsetning.

Árni Hjartarson formaður félagsins setti fundinn og kynnti fundarstjórnann, Hreggvið Norðdahl, sem fundargestir samþykktu einróma. Hreggviður greindi frá því að löglega hafi verið boðað til fundarins með auglýstri dagskrá í félagsbréfi og með tölvupóstum til félagsmanna. Hilmar J. Malmquist var kjörinn fundarritari.

Gengið var til dagskrár aðalfundar samkvæmt fundarboði.

2. Skýrsla stjórnar HÍN fyrir árið 2011.

Árni Hjartarson formaður HÍN gerði grein fyrir skýrslu HÍN f.h. stjórnar (hjálagt).

Stjórnarfundir. Frá síðasta aðalfundi voru haldnir níu venjubundnir stjórnarfundir. Flestir þeirra voru haldnir í húsakynnum Náttúruminjasafns Íslands í Loftskjástöðinni gömlu við Suðurgötu. Á fyrsta fundi skipti stjórnin með sér verkum, öðrum en formannsstarfinu sem Árni gegndi áfram. Esther Ruth Guðmundsdóttir var varaformaður, Hilmar J. Malmquist ritari, Kristinn J. Albertsson gjaldkeri, Ester Ýr Jónsdóttir fræðslustjóri, Jóhann Þórsson félagsvörður (nýtt embætti) og Rannveig Guicharnaud meðstjórnandi.

Rannveig hvarf af landi brott sl. haust til Ítalíu og þar sem engir varamenn eru í stjórn félagsins var enginn til að fylla hennar skarð.

Stjórnarfundur félagsins í maí var haldinn í nýjum húsakynnum Náttúrufræðistofnunar Íslands í Urriðaholti og var m.a. skjalasafn félagsins skoðað.

Félagsmenn. Fjöldi félagsmanna við sl. áramót var 1296 en var 1314 í ársbyrjun 2011. Formaðurinn gerði grein fyrir þróun félagatalsins frá síðustu aldamótum og sýndi línurit máli sínu til stuðnings. Þrátt fyrir fækkun árið 2011 er félagafjöldinn í tiltölulega föstum skorðum. Félagarnir eru nú 70 fleiri en um aldamótin. Mesta lægðin í félagatalinu var á árunum 2007 og 2008, í „góðærinu“, en eftir hrun örlar á vaxtarkipp.

Fræðsluerindi. Haldnir voru sjö fræðslufundir í stofu 132 í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands. Aðsókn var góð, eða 343 skráðir gestir (333 árið áður).

Náttúrufræðingurinn. Undanfarin ár hafa jafnan komið út tvöföld hefti af ritinu. Á síðasta aðalfundi var greint frá því að ákveðið hefði verið að gera tilraun með að gefa út með nokkuð jöfnu millibili fjögur stök hefti af Náttúrufræðingnum á árinu. Sá fyrirvari var hafður á að ef það stefndi í að slík útgáfa yrði félaginu of þung í vöfum yrði skrefið stigið til baka. Það kom á daginn og eftir útgáfu tveggja fyrri stöku heftanna var ákveðið að seinni tvö heftin í 81. árg. kæmu út saman í einu tvöföldu eintaki. Síðasti Náttúrufræðingurinn kom úr prentsmiðju rétt fyrir áramótin og til félagsmanna rétt eftir þau. Segja má því að 81. árgangurinn hafi skilað sér nokkurn veginn á réttum tíma og enginn hali var á útgáfunni.

Ráðningartímabil ritstjórans, Hrefnu B. Ingólfssdóttur, rann út um áramótin en ráðningarsamningurinn var endurnýjaður lítt breyttur til 2014. Ritstjórinn gaf aftur á móti í skyn að óvíst væri með áframhaldandi störf hans eftir árið 2012 og 82. árgang.

Umhverfisþing 14. október á Hótel Selfossi. Fulltrúar HÍN sóttu Umhverfisþing á Hótel Selfossi þann 14.10.2011. Á þinginu var fjallað um náttúruverndarmál, þar á meðal um nýútkomna hvítbók um endurskoðun náttúruverndarlaga, friðlýsingar, ferðaþjónustu, útivist náttúruvísindi og viðmið fyrir náttúruvernd. Heiðursgestur var Ella Maria Bisschop-Larsen, formaður Dönsku náttúruverndarsamtakanna sem fagna 100 ára afmæli í ár. HÍN var með sérstakt kynningarefni um félagið í sýningarbás á staðnum.

Nefndastörf. Margrét Björk Sigurðardóttir var fulltrúi HÍN í Dýraverndarráði og hefur verið það sl. fjögur ár. Þá á HÍN fulltrúa ásamt öðrum félagasamtökum í samstarfshópi frjálsra félagasamtaka á sviði umhverfismála á vegum umhverfisráðuneytis. Hópurinn á fulltrúa í ýmsum nefndum á vegum umhverfisráðuneytis, svo sem í rammaáætlun, stjórn og svæðisráðum Vatnajökulsþjóðgarðs. Kristín Svavarsdóttir, fv. formaður HÍN, var talsmaður hópsins og hélt utan um erindi sem honum bárust. Síðastliðið vor lét hún af þessu starfi og tók Árni Hjartarson við sem fulltrúi HÍN. Hólmfríður Sigurðardóttir hjá Fuglaverndarsamtökum Íslands var tilnefnd sem talsmaður hópsins.

Grænavatnsganga. Þann 8. janúar 2012 voru liðin 100 ár frá fæðingardegi Sigurðar Þórarinssonar jarðfræðings, eins kunnasta vísindamanns þjóðarinnar á síðustu öld, en hann var um skeið formaður HÍN og ritstjóri Náttúrufræðingsins. Á þessum degi efndu HÍN og fleiri félög og samtök sem tengjast náttúruvísindum, náttúruvernd og útiveru til blysfarar kringum Grænavatn í Krýsuvík. Grænavatn varð fyrir valinu m.a. vegna þess að þar gerði Sigurður merkar jarðfræðiathuganir og upphaf baráttu hans fyrir náttúruvernd má að vissu leyti rekja til Grænavatns. Um þetta hvort tveggja má lesa í Náttúrufræðingnum 1950 þar sem birt er erindi um náttúruvernd sem Sigurður hélt á fundi í HÍN 31. október 1949 og helgaður var 60 ára afmæli félagsins. Fjöldi manns kom í gönguna og var það mál manna að þessi aðgerð hefði tekist mæta vel.

Um málefni Náttúruminjasafns. Barátta HÍN fyrir hagsmunum Náttúruminjasafns Íslands var nokkuð fyrirferðarmikil í starfsemi félagsins á árinu. Þann 2.3.2011 funduðu fulltrúar HÍN með Svandísi Svavarsdóttur umhverfisráðherra í umhverfisráðuneytinu. Fulltrúar HÍN voru Árni Hjartarson, Hilmar J. Malmquist og Esther Ruth Guðmundsdóttir en frá ráðuneytinu sat Sigurður Ármann Þráinsson fundinn auk ráðherrans. Staða málsins var rædd og þótt Náttúruminjasafn Íslands heyri ekki undir umhverfisráðuneytið kemur það að málefnum þess, m.a. í gegnum Náttúrufræðistofnun Íslands. Sama afstaða kom fram hjá umhverfisráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra sem fulltrúar HÍN funduðu með haustið 2010. Báðir eru ráðherrarnir áhugasamir um að leysa vanda safnsins og að það rísi á afmarkaðri lóð í

Vatnsmýri. Umhverfissráðherra kvaðst mundu taka upp málið við mennta- og menningarmálaráðherra og að þær myndu samræma aðgerðir sínar.

Fulltrúar HÍN gengu einnig á fund Jóns Gnarrs borgarstjóra sömu erinda. Þótt borgin hafi ekki beint með Náttúruminjasafn Íslands að gera þá er því ætlað að rísa á miðlægum stað innan borgarmarkanna og gagnkvæmir hagsmunir safns og borgar eru augljósir. Borgarstjóra var ekki kunnugt um þetta málefni en virtist skynja mikilvægi þess. Hét hann því að taka þetta mál upp við Svandísi Svavarsdóttur sem um þetta leyti gegndi bæði embætti umhverfis- og mennta- og menningarmála í barneignarleyfi Katrínar Jakobsdóttur.

Síðsumars birtist grein í Morgunblaðinu eftir Ágúst H. Bjarnason fv. formann HÍN. Greinin var áskorun á stjórn HÍN um að rifta vegna vanefnda hinum gamla samningi HÍN og ríkisins frá 1947 þegar ríkið fékk safnkost Náttúrugripasafnsins að gjöf ásamt byggingarsjóði gegn því að það byggði hús yfir safnið og sæi um rekstur þess.

Formaðurinn rakti í framhaldinu umræðuna úti í samfélaginu um málefni Náttúruminjasafnsins, en hún hefur verið býsna fjörleg að undanfögnu, bæði eftir að skýrsla Ríkisendurskoðunar um Náttúruminjasafnið kom út í janúar 2012 og birt var grein í febrúar í Fréttablaðinu eftir Hjörleif Stefánsson og Þórunni S. Þorgrímsdóttur þar sem þau viðra (gamla) hugmynd um að nýta Perluna í Öskjuhlíð undir safnið. Stjórn HÍN sendi um svipað leyti frá sér grein um málið til Fréttablaðsins sem birtist 21.2.2012.

Styrkumsóknir. Sótt var um styrk að upphæð 450.000 kr. til umhverfissráðuneytis til kaupa á fundarupptökubúnaði til að unnt sé að setja fræðslufundi félagsins á netið. Einnig var sótt um 1.000.000 kr. rekstrarstyrk til umhverfissráðuneytis eða sömu upphæð og undanfarin ár, en þá höfðust 450.000 upp úr krafsinu. Styrkumsóknirnar hafa ekki verið afgreiddar.

Starfið framundan. Í máli formanns kom fram að megin viðfangsefni í stjórnarstarfinu framundan væri að halda útgáfu Náttúrufræðingsins í horfinu, auka auglýsingatekjur til að létta á útgáfukostnaðinum, að fjölga félögum og að vinna áfram að farsælli lausn á málefnum Náttúruminjasafns Íslands og nýta sér þann meðbyr sem virðist blása nú um safnið.

Að lokinni framsögu formannsins bauð fundarstjóri upp á að umræða um skýrslu stjórnar yrði frestað og hún tekin fyrir að loknum næsta dagskrárlið, greinargerð gjaldkera á reikningum félagsins. Þessi tillaga fundarstjóra var samþykkt.

3. Reikningar HÍN fyrir árið 2011

Kristinn J. Albertsson gjaldkeri félagsins gerði grein fyrir reikningum félagsins (hjalagt).

Rekstrartekjur voru um 5,8 milljónir kr. rekstrargjöld um 6,3 milljónir kr. og vaxtagjöld um 0,1 milljón kr. Tap á árinu 2011 var því ríflega 0,6 milljónir kr. og var því mætt með tímabundnu láni úr Stefánssjóði (líkt og árið áður). Skuld við Stefánssjóð nemur nú um 1,2 millj. kr. Félagsmenn skulda félaginu um 3,3 milljónir kr. vegna árgjalda en sumt af þessu er nokkurra ára gamalt og taldi gjaldkerinn litlar líkur á innheimtu þeirra skulda og að þær yrði vafalítið að afskrifa. Reksturinn er sem fyrr augljóslega í járnnum. Ein leiðin til að bregðast við því er að hækka félagsgjöld. Gjaldkerinn benti á þá staðreynd, sem hann gerði einnig á síðasta aðalfundi, að þróun árgjalds HÍN hefur dregist langt aftur úr þróun neysluvísitölu. Í máli

gjaldkerans kom fram að ef árgjald HÍN fylgdi neysluvísitölu hefði það fyrir einstakling átt að hljóða sl. ár upp á um 5.400 kr., en var í staðinn 4.500 kr.

Að lokinni framsögu gjaldkerans bauð fundarstjóri upp á umræður um skýrslu stjórnar og greinargerð gjaldkerans um reikninga félagsins. Björn Pálsson fv. héraðsskjalavörður, kvað sér hljóðs og spurði fyrst gjaldkera félagsins að því hve lengi tímaritið væri sent félagsmönnum ef þeir greiddu ekki iðgjöld. Gjaldkerinn svaraði því til að sig ræki minni til þess að elsta útistandi skuld virks félagsmanns sem fengi tímaritið væri sjö ár. Jafnframt að félagið sækti iðgjaldaskuldir ekki fast, t.d. legðust engir dráttarvextir á þær. Taldi gjaldkerinn ennfremur að vegna mikils kostnaðar borgaði sig ekki fyrir félagið að standa í þrefi og þrasi við marga félagsmenn um nokkrar krónur. Nær væri að fara mjúka leið að mönnum, t.d. með því að gefa mönnum upp gamlar skuldir en halda þeim innan félagsins og fá þá til að borga framvegis. Þá vék Björn Pálsson máli sínu að erindi formannsins og fagnaði umræðunni og gerðum HÍN varðandi Náttúruminjasafn Íslands og Perluna, sem hann taldi mjög hentugan stað og verðugan.

Fleiri tóku ekki til máls um skýrslu formanns og greinargerð gjaldkerans.

Fundarstjóri bar reikninga ársins upp til samþykktar og voru þeir samþykktir einróma með öllum 17 atkvæðum.

Fundarstjóri lagði til breytingar á boðaðri dagskrá þannig að dagskrárliður nr. 8 um kjör heiðursfélaga yrði flýtt og tekinn fyrir næst og í kjölfarið neyttu fundarmenn kaffiveitinga áður en fjallað yrði um dagskrárlið nr. 4, skýrslu fulltrúa HÍN í nefndum. Að þessu var gengið.

8. Kjör heiðursfélaga

Esther Ruth Guðmundsdóttir varaformaður og Árni Hjartarson formaður HÍN gerðu grein fyrir kjöri tveggja heiðursfélaga. Heiðursfélagar árið 2012 voru kjörnir þær Adda Bára Sigfúsdóttir veðurfræðingur og Margrét Guðnadóttir lækni og veirufræðingur. Ákvörðun um kjör þessara tveggja heiðursfélaga var tekin á stjórnarfundi 5.12.2011 eftir undangengna umræðu á fyrri stjórnarfundum. Á stjórnarfundinum 5.12.2011 samþykkti stjórnin einnig nýjar reglur um kjör heiðursfélaga og voru þær birtar í félagsbréfi því þar sem boðað var til aðalfundarins sem hér er gerð grein fyrir.

Árni Hjartarson rakti stuttlega náms- og starfsferla heiðursfélaganna og gerði grein fyrir verðleikum þeirra. Adda Bára var kjörin heiðursfélagi einkum fyrir ötult starf að rannsóknum á veurfari Íslands og baráttu fyrir jafnrétti kvenna og karla í stétt náttúrufræðinga. Margrét Guðnadóttir var kjörin heiðursfélagi fyrir brautryðjandastarf að rannsóknum í veirufræði, sem og vegna framlags við miðlun upplýsinga um hæggenga veirusjúkdóma í búfé og þróun bóluafnis gegn slíkum sjúkdómum. Esther Ruth afhenti Öddu Báru Sigfúsdóttur áritað heiðursfélagaskjal ásamt gullmerki félagsins og blómvendi. Guðni Franzson tónlistarmaður, sonur Margrétar Guðnadóttur, tók á móti heiðursskjali Margrétar og blómvendi í fjarveru hennar en hún var stödd erlendis. Stjórn félagsins mun afhenda Margrétu gullmerki félagsins þegar hún verður komin til landsins.

Í máli Estherar kom m.a. fram að aðeins tvær konur hafa áður verið kjörnar kjör- og heiðursfélagar. Sú fyrri var Laufey Friðriksdóttir Oberman sem kosin var kjörfélagi árið 1929 og sú síðari var Teresía Guðmundsson sem kjörin var heiðursfélagi árið 1978. Síðast var

heiðursfélagi kjörinn árið 2005 þegar Freysteinn heitinn Sigurðsson fv. formaður HÍN hlaut nafnbótina.

Þess skal getið að gullmerki félagsins er barmmerki, þríhyrningslaga (10 mm + 14 mm +10 mm) með merki félagsins greipt í gullhúðað silfur af hreinleikanum 925 s.

Að lokinni þessari athöfn var tekið stutt kaffihlé.

4. Skýrslur fulltrúa HÍN í opinberum nefndum fyrir árið 2011

Margrét Björk Sigurðardóttir hefur verið fulltrúi félagsins í Dýraverndarráði síðan árið 2007. Margrét komst ekki á fundinn vegna skyndilegra forfalla en sendi stjórninni rétt fyrir fundinn ítarlega greinargerð (12 bls.) um störf nefndarinnar á árinu 2011. Skýrsla Margrétar verður gerð aðgengileg á heimasíðu HÍN.

5. Tillögur til lagabreytinga.

Hilmar J. Malmquist gerði grein fyrir tillögum stjórnar til lagabreytinga en þær höfðu verið samþykktar á stjórnarfundum HÍN þann 5.12.2011 og kynntar í félagsbréfi sem sent var til félagsmanna í byrjun 7. viku febrúar 2012. Í 7. grein laga HÍN kemur fram að tillögu til lagabreytinga megi aðeins taka til afgreiðslu á aðalfundi, að hún hafi borist stjórninni fyrir áramót og verið kynnt félagsmönnum í aðalfundarboði. Þó má hvorki breyta ákvæðum 2. gr. né 10. gr. Til þess að lagabreytingar öðlist gildi, þurfa þær að vera samþykktar með minnst 2/3 hluta atkvæða.

Eftirfarandi þrjár tillögur til lagabreytinga voru bornar upp til afgreiðslu:

1. grein. Núgildandi lög:

„Félagið heitir Hið íslenska náttúrufræðifélag. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.“

1. grein. Breytingatillaga (ensku heiti bætt við):

„Félagið heitir Hið íslenska náttúrufræðifélag (The Icelandic Natural History Society). Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.“

4. grein. Núgildandi lög:

„Félagar geta allir orðið, hvort sem er hér á landi eða erlendis, með þeim skilyrðum, er hér greinir:

- a. Ársfélagar, þeir, sem greiða árlegt félagsgjald.
- b. Heiðursfélagar og kjörfélagar, þeir, sem kjörnir eru á aðalfundi eftir tillögum stjórnarinnar.

Árgjald og breytingar á því er ákveðið á stjórnarfundum.“

4. grein. Breytingatillaga (fellt burt ákvæði um kjörfélaga):

„Félagar geta allir orðið, hvort sem er hér á landi eða erlendis, með þeim skilyrðum, er hér greinir:

- a. Ársfélagar, þeir, sem greiða árlegt félagsgjald.
- b. Heiðursfélagar, þeir, sem kjörnir eru á aðalfundi eftir tillögum stjórnarinnar.

Árgjald og breytingar á því er ákveðið á stjórnarfundum.“

6. grein. Núgildandi lög:

„Sjö manna stjórn sér um framkvæmdir félagsins og annast öll málefni þess. Hver stjórnarmaður er kosinn til tveggja ára í senn. Formaður er kosinn sérstaklega, en stjórnin skiptir með sér verkum að öðru leyti. Annað árið ganga út úr stjórninni formaður og þrír aðrir stjórnarmenn, en hitt árið þrír stjórnarmenn.

Bráðabirgðaákvæði: Við stjórnarkosningar árið 2000, þ.e. í fyrsta sinn eftir gildistöku breyttra samþykka, skulu kosnir auk formanns fjórir stjórnarmenn og þar af einn til eins árs.“

6. grein. Breytingatillaga (felld burt málsgrein um bráðabirgðaákvæði):

„Sjö manna stjórn sér um framkvæmdir félagsins og annast öll málefni þess. Hver stjórnarmaður er kosinn til tveggja ára í senn. Formaður er kosinn sérstaklega, en stjórnin skiptir með sér verkum að öðru leyti. Annað árið ganga út úr stjórninni formaður og þrír aðrir stjórnarmenn, en hitt árið þrír stjórnarmenn.“

Hilmar gerði stuttlega grein fyrir forsendum lagabreytinganna. Breyting á 1. grein er til komin þar sem nokkur hópur félagsmanna er enskumælandi og enda er tímarit félagsins, Náttúrufræðingurinn, settur upp með þann hóp í huga (sbr. enskt ágríp og enskan texta við myndir og töflur). Enska heitið eins og það er sett fram í tillögunni hefur verið notað á innanverðri baksíðu Náttúrufræðingsins í all langan tíma. Breytingin á 4. grein er til komin vegna nýrra reglna sem stjórnin samþykkti á stjórnarfundum 5.12.2011 um kjör heiðursfélaga. Þá var ákveðið til einföldunar að fella burt sérstakt lagaákvæði um kjörfélaga og rýmka skilgreiningu á heiðursfélögum þannig að hún tæki til skilgreiningar á kjörfélögum. Breyting á 6. grein skýrir sig sjálf, en ákvæðið sem lagt er til að fella burt er úrelt.

Fundarstjóri bar hverja tillögu upp fyrir sig til samþykktar og voru þær allar samþykktar einróma með öllum 17 atkvæðum.

6. Tillögur til ályktunar.

Stjórn félagsins bar upp eina tillögu til ályktunar.

Hilmar J. Malmquist, ritari félagsins, flutti svohljóðandi tillögu um **Náttúruminjasafn Íslands**:

„Aðalfundur Hins íslenska náttúrufræðifélags, haldinn 25. febrúar 2012 í Kópavogi, hvetur mennta- og menningarmálaráðherra, Katrínu Jakobsdóttur, til þess að gaumgæfa vel hugmyndir um nýtingu Perlunnar í Öskjuhlíð undir starfsemi Náttúruminjasafns Íslands. Í því skyni láti ráðherra gera m.a. úttekt á því hversu vel húsnæðið í Öskjuhlíðinni henti slíkri starfsemi og hvaða leiðir skulu farnar svo eignarhald þess færist til ríkisins. Borgarstjórn Reykjavíkur er jafnframt hvött til að íhuga vel framangreindan möguleika í því söluferli sem nú stendur yfir á Perlunni, húsnæði Orkuveitu Reykjavíkur í Öskjuhlíðinni. Löngu brýnt er að Náttúruminjasafn Íslands, höfuðsafn þjóðarinnar í náttúrufræðum, eignist viðunandi húsnæði og sýningaraðstöðu þannig að sæmi íslenskri þjóð, gestum hennar og sérstæðri náttúru landsins. Minnt er á ályktanir fyrri aðalfunda félagsins til fjölda ára um málefni Náttúruminjasafnsins, sem félagið hefur sett á oddinn í meira en heila öld. HÍN lýsir sig reiðubúuð til að leggja stjórnvöldum lið í hvívetna svo þetta þjóðþrifamál fái farsælan framgang.“

Hjörleifur Guttormsson náttúrufræðingur með meiru kvað sér hljóðs um tillöguna og fagnaði henni en fannst jafnframt að sér fyndist fara betur á því í fjórðu setningu að segja „Löngu er brýnt...“ í stað „Löngu brýnt er...“. Þá bað Björn Pálsson fv. héraðsskjalavörður um orðið og fagnaði hann tillögunni eindregið. Ágúst H. Bjarnason grasfræðingur og fv. formaður HÍN kvað sér einnig hljóðs og fagnaði tillögunni. Hann gerði tvær tillögur um breytingar en þær hlutu ekki hlómgrunn og voru dregnar til baka. Fundarstjóri bar tillöguna upp til

samþykktar óbreytta með fyrirvara um að stjórn HÍN lagfærði málfarslegar villur á borð við þá sem Hjörleifur benti á. Tillagan var samþykkt einróma með öllum 17 atkvæðum. Með tillögunni mun fylgja greinargerð sem send verður viðtakendum en auk þeirra sem nafngreindir eru í tillögunni má nefna umhverfisráðherra, Náttúruminjasafn Íslands og Náttúrufræðistofnun Íslands.

7. Kjör stjórnarmanna og embættismanna félagsins.

Jóhann Þórsson félagsvörður HÍN gerði grein fyrir kjöri stjórnar- og embættismanna félagsins. Kjörtímabili fjögurra stjórnarmanna, sem voru að ljúka öðru ári kjörtímabilsins, rann út á aðalfundinum. Þetta voru þau Árni Hjartason formaður, Kristinn J. Albertsson gjaldkeri, Jóhann Þórsson félagsvörður og Rannveig Guicharnaud meðstjórnandi. Hinir þrír stjórnarmennirnir, þau Esther Ruth Guðmundsdóttir varaformaður, Ester Ýr Jónsdóttir fræðslustjóri og Hilmar J. Malmquist ritari sitja áfram næsta kjörtímabil. Árni, Kristinn og Jóhann gáfu kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn HÍN og voru þeir endurkjörnir einróma með öllum atkvæðum ásamt Hafdísí Hönnu Ægisdóttur sem bauð sig fram í stað Rannveigar Guicharnaud, en Rannveig gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu (sbr. dagskrárlið nr. 2.). Hafdís Hanna Ægisdóttir er líffræðingur a mennt og starfar við Landbúnaðarháskóla Íslands.

Skoðunarmenn reikninga, aðalmennirnir Arnór Þ. Sigfússon og Kristinn Einarsson, og varamaðurinn Hreggviður Norðdahl, voru kjörnir einróma með öllum atkvæðum.

9. Önnur mál.

Hjörleifur Guttormsson kvað sér hljóðs og greindi frá verkefni hóps sem stendur að útgáfu á riti um Jón lærða Guðmundsson (1574 – 1658), einn fyrsta náttúrufræðing Íslands. Stefnt er að því að gefa ritið út næsta haust. Hjörleifur nefndi að útgáfuhópurinn myndi að líkindum leita til HÍN um aðkomu að málinu með einum eða öðrum hætti.

10. Fundarslit.

Árni Hjartarson formaður þakkaði fundarstjóra fyrir styrka og skörulega stjórn og fundarmönnum öðrum fyrir mætinguna og góðar umræður. Formaðurinn hafði á orði að mæting hefði verið betri en undanfarin ár, umræður fjölbreyttari og að kjör heiðursfélaga hafi lífgað upp á aðalfundinn. Þá vék formaðurinn að orðum Hjörleifs Guttormssonar um Jón lærða og kvað frumkvæði útgáfuhópsins af hinu góða og að aðkoma HÍN að málinu, með hvaða hætti sem hún yrði, yrði félaginu vafalaust aðeins til sóma. Stjórn HÍN muni ræða þetta þegar nær dregur. Að þessu loknu sleit formaðurinn fundi um kl. 16:15.

Fundarritari Hilmar J. Malmquist